

Vegna: Máls nr. 0046/2025, Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð áform um geymslu skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar.

Höfundur: Jóna Kristín Sigurjónsdóttir/jona.kristin.sigurjonsdottir@sudurnesjabaer.is

Sent inn þann: 23.01.2025 , **Fyrir hönd:** Suðurnesjabær

Vegna: Máls nr. 0046/2025, Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð áform um geymslu skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar.

Höfundur: Gunnar Kristinn Þór Ottósson/Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is

Sent inn þann: 11.02.2025 , **Fyrir hönd:** Reykjanesbær



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjanesbær 11. febrúar 2025

Efni: Mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um geymslu skipagaselíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar, nr. 46/2025. Umsögn HES.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar í skipulagsgátt stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um geymslu skipagaselíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti í matsáætluninni sem gætu helst átt við starfssvið embættisins.

Í gögnunum kemur fram að gert sé ráð fyrir aðstöðuhúsi og starfsmannarými þá kemur einnig fram að olíuskiljur verði tengdar við fráveitu frá þeim rýmum eða svæðum þar sem olía gæti spillst. Hinsvegar er ekki að sjá í gögnunum nánari upplýsingar um fráveitu frá svæðinu almennt.

Samkvæmt eldri gögnum og kortasjá sveitarfélagsins liggja tvær skólpútrásir inn í höfnina og aðrar tvær skólpútrásir rétt fyrir aftan sjóvarnargarð fyrir viðlegukantinn. Grein 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp segir: „Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Óheimilt er að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.“

HES hefur áður benti sveitarfélaginu sem um ræðir á að fráveita á þessu svæði uppfylli ekki kröfur um hreinsun samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þann 2. nóvember 2022 óskaði embættið eftir lýsingu, stöðuskýrslu og úrbótaáætlun um fráveitu sveitarfélagsins. Óskað var eftir að gögnin bærust fyrir 30. mars 2023. Umbeðin gögn hafa enn ekki borist.

Líkt og fram kemur í gögnunum þá er Umhverfis- og orkustofnun útgefandi starfsleyfis í samræmi við viðauka II, tölulið 4 í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Aðkoma Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að framkvæmdinni snýr helst að því að leiðbeina og yfirfara gögn finnst mengun í jarðveg, útgáfu leyfis fyrir starfsmannabústöðum, leiðbeiningar og eftirlit í kjölfar mengunarslyss, komi til þess og ef á við aðkomu að fráveitulausnum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari ábendingar eða athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt,



J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2025
UOS2501198/E.S.F.
13.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda – Matsskyldufyrirspurn – Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Framkvæmdin felur í sér gerð viðlegukants við Suðurbakka Helguvíkurhafnar og uppbyggingu olíubirgðastöðvar fyrir skipagasolíu sunnan hafnarinnar. Reiknað er með tveimur 15.000 m³ olíugeymum, alls 30.000 m³ geymum fyrir skipaeldsneyti við Helguvík. Sjálf olíubirgðastöðin tekur til um 11.300 m² svæðis þar sem olíugeymarnir verða staðsettir í steyptri þró ásamt aðstöðuhúsi. Auk þess er svæði undir lagnir og aðstöðu til móttöku og afhendingu olíu hjá viðlegukanti hafnarinnar. Stækkun hafnarinnar felst í gerð viðlegukants, brimvarnar, landfyllingar, efnistöku og tilfærslu efnis úr bergstálinu suðvestan Helguvíkurhafnar. Gróft áætlað tekur framkvæmdasvæði vegna olíubirgðastöðvar og hafnargerðar til um 82.000 m² lands.

Áhrif á vatnshlot

Í matsskyldufyrirspurninni eru vatnshlotin sem framkvæmdin nær til nefnd, þ.e.a.s. grunnvatnshlotið *Rosmhvalanes 2* (104-115-2-G) og strandsjávarvatnshlotið *Hafnir að Gróttu* (104-1382-C). Umhverfis- og orkustofnun bendir á að umhverfismarkmið fyrir þessi vatnshlot hafa verið skilgreind. Umhverfismarkmið fyrir grunnvatnshlotið eru þau að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið fyrir strandsjávarvatnshlotið eru að hafa gott vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að þegar framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn eru fyrirhugaðar þá þarf að framkvæma mat á áhrifum þeirra á vatnshlotin. Tilgangurinn með áhrifamati er að setja fram lýsingu á framkvæmdinni og meta hvort að áhrif hennar geti valdið því að umhverfismarkmið vatnshlotanna sem framkvæmdin nær til náist ekki. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist áður en framkvæmdir hefjast. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum ef þær valda því að umhverfismarkmið nást ekki. Mikilvægt er að áhrifamat sé gert eins snemma í undirbúningsferli framkvæmda og hægt er. Hægt er að endurskoða og uppfæra áhrifamat síðar í ferlinu eftir því sem gögn varðandi framkvæmdina verða nákvæmari og skýrari.

Umhverfisstofnun gaf í desember 2024 út leiðbeiningaritið *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlotum*¹. Þar er því líst hvernig eigi að bera sig að við gerð áhrifamats. Mikilvægt er að áhrifamat sé skriflegt og að það sé skýrt sett fram.

Þeir gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand grunnvatnshlota eru breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs (magnstaða grunnvatns), leiðni og styrkur mengunarvalda. Gæðapættir til mats á ástandi yfirborðsvatnshlota, þ.m.t. strandsjávarvatnshlota eru eftir því sem við á líffræðilegir (þ.e. hryggleysingar, svifþörungur, vatnablöntur), eðlisefnafræðilegir (næringarefni, fosfór, nítrat og kísill) og vatnsformfræðilegir eins og fram kemur í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Landfylling er einn af þeim þáttum sem getur haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti í strandsjávarvatnshlotum. Ekki hefur verið ákveðið hvaða matspætti á að nota til að meta vatnsformfræðilegt ástand strandsjávarhlota á Íslandi. Því skal notast við þá almennu matspætti sem reglugerð nr. 535/2011 setur fram þegar áhrif framkvæmda á vatnsformfræðilegt ástand strandsjávar er metið. Í reglugerðinni eru tveir gæðapættir settir fram, þ.e. sjávarföll og formfræðileg skilyrði. Vatnsformfræðilegir álagsþættir geta verið margs konar. Dæmi um matspætti fyrir strandsjávarvatnshlot væru stefna ríkjandi strauma, ölduhrif, breytileiki í dýpt, kornastærð, botngerð og gerð svæðis milli há- og láglæðimarka sem landfylling og aðrar framkvæmdir geta haft áhrif á.

Í 28. gr laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.² Því er mikilvægt að öll leyfi sem eru gefin út vegna starfseminnar séu í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar.

Að mati stofnunarinnar þarf að framkvæma ítarlegra áhrifamat áður en framkvæmdir hefjast til að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin sem um ræðir.

Landfylling

Í fyrirspurninni um matsskyldu kemur fram að framkvæmdin felist meðal annars í landfyllingu og áætlað er að það þurfi 150.000 m³ til landfyllingar við viðlegukanta. Vinnsla jarðefna (efnistaka) er starfsleyfis skyld hjá heilbrigðiseftirliti sbr. 112 tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfis- og orkustofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- dýpkunarefnum,
- náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfis- og orkustofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlotum](#)

² [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

náttúruleg, óvirk efni og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við *Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis*³ áður en framkvæmdir hefjast.

Mengun hafna

Fram kemur í matsskyldufyrirspurninni að dýpkun hafnarinnar sé að mestu lokið og ekki er gert ráð fyrir umfangsmiklu raski á jarðgrunni og bergrunni á hafsbotni. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar er því óljóst hvort þörf er á dýpkun hafnarinnar í þessum hluta framkvæmdanna. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að sumt efni í höfnum (oft dýpkunarefni) sem tekið er upp eða hreyft til getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum sem getur haft neikvæð áhrif á m.a. lífríki. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ef fyrirhugað er rask á hafsbotni er mikilvægt að taka setsýni úr botninum til að meta mengandi efni áður en framkvæmdir hefjast og ákveða hvernig menguðu seti sem grafið er upp er ráðstafað. Slíkar mælingar skulu taka mið af forgangsefnalista sem skilgreindur er VI. viðauka reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og í II. viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og viðauka II í *Leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefna*.

Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að gert sé ráð fyrir að koma upp móttökuaðstöðu fyrir farmleifar (þ.e. fyrst og fremst kjölvatn) á hafnarsvæðinu í samræmi við reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum nr. 1200/2014. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að í lok árs 2022 voru áform um frumvarp til breytinga á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lagabreytingarnar fela í sér innleiðingu Evróputilskipunar 2019/883 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum. Innleiðingin kallar m.a. á endurskoðun reglugerðar 1200/2014. Skilgreining á úrgangi er víkkuð út og mun taka til alls úrgangs sem verður til í skipi eða við lestun eða aflestun eða við hreinsun og sem falla undir Marpol viðauka I, II, IV, V og VI. Móttaka úrgangs í höfnum skal vera aðskilin til að auðvelda endurvinnslu í samræmi við úrgangslöggjöf í landi og Marpol samninginn. Lagabreytingin er tilgreind á þingmálaskrá fyrir komandi þing og mikilvægt að tekið sé mið af því við frekari vinnslu málsins.

Olíubirgðastöð

Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að framkvæmdin og starfsemi sem áformuð er í olíubirgðastöðinni muni uppfylla ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017 með síðari breytingum. Að eldsneytisgeymar birgðastöðvarinnar verða staðsettir í steinsteyptri geymsluþró, þ.e. lekavörn sem uppfyllir kröfur ofangreindrar reglugerðar um lekaýmd. Enn fremur að yfirborðsvatn frá olíubirgðastöðinni verði leitt í gegnum olíuskilju og að hún muni vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur og ÍST EN 858-1 og ÍST EN 858-2 staðal *Skiljukerfi fyrir létta vökva* (t.d. olíu og bensín). Umfang og útfærsla olíuskiljunnar verði sniðin að aðstæðum í Helguvík.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í desember 2024 gaf Umhverfisstofnun út endurbættar *Leiðbeiningar um olíuskiljur*.⁴ Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að við hönnun, byggingu og rekstur olíubirgðastöðvarinnar séu ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 uppfyllt og að farið verði eftir leiðbeiningum stofnunarinnar við val og rekstur olíuskilja til þess

³ [Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis](#)

⁴ [Leiðbeiningar um olíuskiljur](#)

Umhverfis- og orkustofnun

að lágmarka umhverfisáhrifin af framkvæmdinni. Einnig bendir stofnunin á að starfsemi olíubrigðastöðva fellur undir Viðauka I. A. laga nr. 33/2004 um bráðamengun hafs- og stranda, þ.e.a.s. starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó. Þá vekur stofnunin athygli á tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins m.t.t. reglugerðar nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og að leita skal samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar fyrir birgðageymslunum skv. 6.11.4. gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012.

Starfsleyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemi olíubirgðastöðva er starfsleyfisskyld hjá stofnuninni og fellur undir 4. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. tl. viðauka IX. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili þarf að sækja um starfsleyfi. Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að málshraði fyrir starfsleyfisveitingu eru 240 dagar frá því fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt, starfsemi getur ekki hafist fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að framkvæmdin eins og hún er sett fram í matsskyldufyrirspurninni sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð umhverfismati.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12.2.2025
Málsnúmer: 202501-0062
IAS

Efni: Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 14. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna geymslu skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar.

„Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE), fyrir hönd utanríkisráðuneytis og Landhelgisgæslu Íslands, áformar að byggja nýja olíubirgðastöð fyrir skipagasolíu við Helguvík í Reykjanesbæ. Jafnframt er áformað að gera viðlegukant við suðvestanverða Helguvíkurhöfn í samstarfi við Reykjaneshöfn (Reykjanesbæ) og Vegagerðina. Framkvæmdin er kostuð af mannvirkjasjóði Atlandshafsbandalagsins (NATO).“

Framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið mikið raskað vegna fyrri framkvæmda, það er utan náttúruverndarsvæða en er á jaðri alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis, Rosmhvalaness, þar sem er langstærsta sílamáfsvarp landsins. Ekki eru nein ósröskuð fjörusvæði á framkvæmdasvæðinu og alaskalúpína er ráðandi á landi. Helsta umhverfisáhættan felst í þeim olíubirgðum sem verða á svæðinu ef óhapp verður og olía berst út í sjó. Á þessu verður tekið með mótvægisáðgerðum, hægt verður að loka höfninni með olíugirðingu og búnaður verður til staðar til að taka upp olíu úr höfninni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdunum og mögulegum umhverfisáhrifum þeirra og ekki sé þörf á mati á umhverfismati.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
150 Reykjavík

Geymsla skipagасolúу við Helguvík og stækkun Helguvíkurbafnar

Tilvísun: 46/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu til ákvörðun um matsskyldu geymslu skipagасolúу við Helguvík og stækkun Helguvíkurbafnar, útgefin í janúar 2025.

Vegagerðin hefur rýnt skýrsluna á grundvelli 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Framkvæmdalýsing

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE), í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Landhelgisgæslu Íslands, áformar að byggja nýja olúbirgðastöð fyrir skipagасolúу við Helguvík í Reykjanesbæ. Jafnframt er áformað að stækka Helguvíkurböfn með gerð nýs viðlegukants við Suðurbakka í samstarfi við Reykjaneshöfn og Vegagerðina.

Hafnarframkvæmdirnar fela í sér viðlegukant, brimvarnir, landfyllingar og umfangsmikla efnistöku og tilfærslu efnis úr bergstálinu suðvestan hafnarinnar. Þessar breytingar eru hluti af stærri stækkun Helguvíkurbafnar sem var áður metin óháð mati á umhverfisáhrifum árið 2008.

Með framkvæmdinni verður hafnaraðstaða við Helguvík styrkt verulega og bættu viðlegusvæði komið til móts við aukna þörf fyrir móttöku skipagасolúу.

Aðkoma að olúbirgðastöðinni verður frá Stakksbraut og þaðan um veg vestan við Helguvíkurböfn til suðurs og niður að Suðurbakka. Einnig verður möguleg aðkoma að svæðinu frá Norðurbakka.

Niðurstaða rýni Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur metið fyrirhugaðar framkvæmdir sem kynntar eru í skýrslunni m.t.t. áhrif á núverandi starfsemi hafnarinnar, staðsetningu framkvæmda innan núverandi hafnarmannvirkja og mati á áhrifum ný viðlegukants.

Höfnin var upphaflega byggð sem olúhöfn og er enn í notkun sem slík. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við núverandi starfsemi.

Framkvæmdirnar eiga sér stað innan núverandi hafnarsvæðis og verða skýlt af núverandi brimvarnargarði. Þetta dregur úr líkum á að þær hafi neikvæð áhrif á sjóflæði, öldufar eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á öryggi hafnarinnar.

Vegagerðin hefur framkvæmt útreikninga með hafnareiknilíkani til að kanna hugsanleg áhrif nýja viðlegukantsins á aðra hluta hafnarinnar. Niðurstöður sýna að áhrifin verða ásættanleg.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Með hliðsjón af þessum þáttum telur Vegagerðin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
(354) 845 85 10
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2025
MÍ202502-0048/ 6.07 / Þ.H.

**Efni: Geymsla skipagasolíu og stækkun hafnar í Helguvík
(nr. 0046/2025) – tilkynning til ákvörðunar um
matsskyldu.**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna áforma Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna (FSRE) um byggingu nýrrar olíubirgðarstöðvar fyrir skipagasolíu við Helguvík í Reykjanesbæ. Jafnframt er áformað að gera viðlegukant við Helguvíkurhöfn. Í fylgiskjölun er greinargerð unnin af Verkís, dagsett í janúar 2025: *Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar. Fyrirspurn um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum* og er fyrirhugað framkvæmdasvæði þar afmarkað á loftmynd á bls 2.

Árið 2006 var unnin fornleifaskráning á svæðinu vegna áður áformaðra framkvæmda, Adolf Friðriksson: *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík* (Fornleifastofnun Íslands, Rv. 2006). Við það tækifæri var framkvæmdasvæðið kannað á vettvangi sem tók yfir töluvert stærra svæði en nú er áformað. Innan núverandi framkvæmdasvæðis er skráð ein þjóðsaga, en munnmæli herma að víkin dragi nafn af konu sem þar bjó ásamt sonum sínum tveimur (GK-110:033 bls. 13). Að öðru leyti eru engar þekktar fornleifar á svæðinu. Fyrirliggjandi fornleifaskráning er fullnægjandi fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á minjar, sbr 16. og 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Frá sjónarhóli minjavörslu telur Minjastofnun Íslands ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Þór Ingólfsson Hjalte
Minjavörður Reykjaness